

Fundargerð 59. fundar

verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2021, miðvikudaginn 13. janúar kl. 13:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Freyr Ævarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um úrgangsmál - 2009105SA

Þann 5. janúar sl. sendi umhverfis- og auðlindaráðuneytið sambandinu drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald ásamt greinargerð. Ráðuneytið hafði þá fundað nokkrum sinnum með fulltrúum sambandsins um málið.

Í drögnum eru lagðar til breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/850 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/851 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 2008/98/EB um úrgang, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/852 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 frá 5. júní 2019 um að draga úr áhrifum tiltekinnar plastvara á umhverfið. Jafnframt eru lagðar til breytingar á framleiðendaábyrgð á rafhlöðum og rafgeymum sem og varðandi skilagjald á ökutækjum.

Frestað

2. Drög að stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs - 2009227SA

Í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu hefur staðið yfir vinna við mótun heildarstefnu í úrgangsmálum í samræmi við 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Fulltrúar sambandsins hafa setið nokkra samráðsfundi með fulltrúum ráðuneytisins um málið og fékk sambandið drögin send þann 13.

nóvember sl.

Verkefnisstjórnin ræddi drög sem gerð voru aðgengileg í samráðsgátt stjórnvalda 12. janúar sl. Stefnan inniber annarsvegar stefnu um úrgangsförvarnir sem kom út 2016 og hins vegar stefnu um meðhöndlun úrgangs. Í stefnunni sem nú er til kynningar er mælt fyrir 24 aðgerðum og er stefnt að því að 12 þeirra verði lögfestar á þessu ári, m.a. skylda til flokkunar heimilisúrgangs og rekstrarúrgangs, samræming merkinga fyrir úrgangstegundir, bann við urðun úrgangs sem hefur verið safnað sérstaklega til endurvinnslu og að innheimta gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs verði sem næst raunkostnaði við meðhöndlun hans. Stefnan á að spanna allan úrgangspríhyrninginn og miða að því að styðja við myndun hringrásarhagkerfis á Íslandi.

Verkefnisstjórnin óskar eftir að málið verði tekið fyrir að nýju þegar drög að umsögn sambandsins liggja fyrir.

3. Önnur mál - 2009111SA

Fundi var slitið kl. 15:00

Steinþór Þórðarson

Ína Björk Ársælsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Freyr Ævarsson

Guðmundur Tryggvi Ólafsson

